

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta
07 755

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta

kt. 480109-1390

Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 160/2008.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 29 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 522,6 milljónir og afkoma kr. 18,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 29,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 116,1 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar sem hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfum, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	484.800.000	474.000.000
Sala á vöru og þjónustu		48.000	0
Framlög, gjafir og aðrar tekjur	3	21.637.221	11.114.632
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	16.132.676	16.511.428
Tekjur samtals		522.617.897	501.626.060
Gjöld			
Tilfærslur	4	112.498.426	99.466.915
Laun og launatengd gjöld	5	291.760.363	294.795.752
Annar rekstrarkostnaður	6	83.371.251	60.300.169
Afskriftir og niðurfærslur	7	16.132.676	16.511.428
Gjöld samtals		503.762.716	471.074.264
Afkoma fyrir fjármagnsliði		18.855.181	30.551.796
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármagnsgjöld		(1.563)	0
		(1.563)	0
Afkoma ársins		18.853.618	30.551.796
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	19.252.044	16.818.711
Rekstrartilfærslur		(398.426)	13.733.085
		18.853.618	30.551.796

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Handbært fé	8	5.036	36.896
Skammtímakröfur	9	844.950	0
Tengdir aðilar	10	63.996.720	59.657.296
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	40.357.678	52.262.744
Óefnislegar eignir	12	10.930.310	4.724.027
Eignir samtals		<u>116.134.694</u>	<u>116.680.963</u>
Skuldir			
Aðrar skuldir	13	36.517.089	34.211.499
Tengdir aðilar	10	2.536.409	2.376.125
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda		47.809.031	55.941.707
Skuldir samtals		<u>86.862.529</u>	<u>92.529.331</u>
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		29.272.165	24.151.632
Eigið fé			
Hrein eign		29.272.165	24.151.632
Eigið fé samtals	14	<u>29.272.165</u>	<u>24.151.632</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>116.134.694</u>	<u>116.680.963</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		18.853.618	30.551.796
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	16.132.676	16.511.428
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(16.132.676)	(16.511.428)
		<u>18.853.618</u>	<u>30.551.796</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Skammtímakröfur		(844.950)	(180.668)
Tengdir aðilar		(20.346.118)	(28.353.105)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		2.305.590	(1.981.127)
		<u>(18.885.478)</u>	<u>(30.514.900)</u>
		<u>(31.860)</u>	<u>36.896</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna	12	(7.775.860)	(3.711.080)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(2.658.033)	(4.691.522)
		<u>(10.433.893)</u>	<u>(8.402.602)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		10.433.893	8.402.602
		<u>10.433.893</u>	<u>8.402.602</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(31.860)	36.896
		<u>36.896</u>	<u>0</u>
		<u>5.036</u>	<u>36.896</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025	371.400.000	112.100.000	8.000.000	491.500.000
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjárukaalögum	371.400.000	112.100.000	8.000.000	491.500.000
Launabætur	1.300.000	0	0	1.300.000
Fjárveiting ársins	372.700.000	112.100.000	8.000.000	492.800.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað)	10.418.547	13.733.085	(1.045.064)	23.106.568
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins ...	0	(13.733.085)	0	(13.733.085)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	383.118.547	112.100.000	6.954.936	502.173.483
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(353.447.956)	(112.498.426)	(10.433.893)	(476.380.275)
Staða fjárveitinga í lok árs 2025	29.670.591	(398.426)	(3.478.957)	25.793.208

Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	51.287.988	56.986.771
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	(3.478.957)	(1.045.064)
	47.809.031	55.941.707

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnviðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að fráreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8 ár
Aðrar eignir	óafskrifað / 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, frh.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2025	2024
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Tekjufærsla fjárveitinga	484.800.000	474.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	16.132.676	16.511.428
	<u>500.932.676</u>	<u>490.511.428</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	371.400.000	112.100.000	0	483.500.000
Launabætur	1.300.000	0	0	1.300.000
Fjárveiting til tekna	372.700.000	112.100.000	0	484.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(353.447.956)	(112.498.426)	0	(465.946.382)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	19.252.044	(398.426)	0	18.853.618

	2025	2024
3 Framlög, gjafir og aðrar tekjur		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	21.515.321	10.814.632
Leigutekjur	0	300.000
Ýmsar aðrar tekjur	121.900	0
	<u>21.637.221</u>	<u>11.114.632</u>

4 Tilfærslur

Rekstrartilfærslur	112.498.426	99.466.915
	<u>112.498.426</u>	<u>99.466.915</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	236.653.345	239.788.562
Breyting á áföllum orlofi	(1.594.478)	(1.979.248)
Launatengd gjöld	53.500.269	54.355.219
Samtals launakostnaður	<u>288.559.136</u>	<u>292.164.533</u>
Starfsmannakostnaður	3.201.227	2.631.219
	<u>291.760.363</u>	<u>294.795.752</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	20,5	22,2

Skýringar

6 Annar rekstrarkostnaður	2025	2024
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	624.772	232.966
Byggingarvörur, aðrar	0	11.200
Tæki og búnaður til innréttinga	174.166	102.686
Ýmis tæki og áhöld	1.610.909	821.305
Varahlutir og viðhaldsvörur	414.898	3.729
Orkugjafar	760.296	969.193
Matvæli	3.507.200	4.011.129
Almennar rekstrarvörur	277.050	321.854
Vörukaup, almenn	7.369.291	6.474.062
Kennslu- og föndurvörur	32.970	31.458
Ýmsar sérgreindar vörur	0	8.028
Vörukaup, sérgreind	32.970	39.486
Fundir, námskeið, risna	1.498.207	750.582
Ferðir, uppihald	5.245.365	5.175.108
Akstur	1.720.853	1.514.565
Sérfræðiþjónusta	24.768.711	12.632.447
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	258.181	271.260
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	147.090	124.290
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	946.610	1.926.398
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	34.585.017	22.394.650
Samningsbundin kaup og leiga	0	294.667
Afnotagjöld	11.820.360	6.055.828
Leigugjöld	26.517.953	22.661.843
Notkun véla og flutningatækja	160.904	81.112
Verkkaup	2.357.241	1.967.056
Kostnaðarhlutdeild	101.034	0
Tryggingar, lögboðnar	381.121	289.665
Opinber gjöld	45.360	41.800
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	41.383.973	31.391.971
Annar rekstrarkostnaður samtals	83.371.251	60.300.169
7 Afskriftir og niðurfærslur		
Áhöld, tæki og búnaður	12.657.355	12.608.862
Farartæki og vélar	20.247	18.560
Aðrar eignir	945.281	3.160.237
Úreldar eignir	940.216	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna	1.569.577	723.769
	16.132.676	16.511.428

Skýringar

	31.12.2025	31.12.2024
8 Handbært fé		
Innlendar bankainnistæður	5.036	36.896
	<u>5.036</u>	<u>36.896</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 30 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

	31.12.2025	31.12.2024
9 Skammtímakröfur		
Skammtímakröfur	844.950	0
	<u>844.950</u>	<u>0</u>

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	63.945.196	59.638.362
Kröfur á tengda aðila	51.524	18.934
Skuldir við tengda aðila	(2.536.409)	(2.376.125)
	<u>61.460.311</u>	<u>57.281.171</u>

11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	39.207.748	50.131.577
Farartæki og vélar	123.173	143.420
Aðrar eignir	1.026.757	1.987.747
	<u>40.357.678</u>	<u>52.262.744</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025	118.314.561	161.980	0	76.356.827	194.833.368
Viðbætur á árinu	2.658.033	0	0	0	2.658.033
Selt/úrelt á árinu	(13.168.503)	0	0	(4.742.391)	(17.910.894)
	<u>107.804.091</u>	<u>161.980</u>	<u>0</u>	<u>71.614.436</u>	<u>179.580.507</u>
Afskriftir 01.01.2025	68.182.984	18.560	0	74.369.080	142.570.624
Afskrift ársins	12.657.355	20.247	0	945.281	13.622.883
Selt/úrelt á árinu	(12.243.996)	0	0	(4.726.682)	(16.970.678)
	<u>68.596.343</u>	<u>38.807</u>	<u>0</u>	<u>70.587.679</u>	<u>139.222.829</u>
Staða 31.12.2025	<u>39.207.748</u>	<u>123.173</u>	<u>0</u>	<u>1.026.757</u>	<u>40.357.678</u>

Skýringar

	31.12.2025	31.12.2024
12 Óefnislegar eignir		
Hugbúnaður	10.930.310	4.724.027
	<u>10.930.310</u>	<u>4.724.027</u>
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2025:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2025		5.766.181
Viðbætur á árinu		<u>7.775.860</u>
		<u>13.542.041</u>
Niðurfært 01.01.2025		1.042.154
Niðurfærsla ársins		<u>1.569.577</u>
		<u>2.611.731</u>
Staða 31.12.2025		<u>10.930.310</u>
	31.12.2025	31.12.2024
13 Aðrar skuldir		
Áfallið og ógreitt orlof	27.982.290	29.576.768
Viðskiptaskuldir	8.492.876	4.546.986
Ýmsar skuldir	<u>41.923</u>	<u>87.745</u>
	<u>36.517.089</u>	<u>34.211.499</u>
14 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	24.151.632	(6.400.164)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(13.733.085)	0
Afkoma ársins	<u>18.853.618</u>	<u>30.551.796</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>29.272.165</u>	<u>24.151.632</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.